

**Nd.**

### **56. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og l. nr. 20 24 marz 1934, um breyt. á þeim lögum.

Frá Sigfúsi Jónssyni.

1. Við 2. gr. Á eftir gr. kemur ný gr., sem verður 3. gr. (og breytist greinatalan samkv. því):  
Fyrir „Fái þá heldur eigi neinn“ í 3. másl. 2. málsgr. 3. gr. sömu laga kemur: Fái þá heldur enginn.
2. Við 4. gr. Á eftir gr. kemur ný gr., sem verður 6. gr. (og breytist greinatalan samkv. því):  
Fyrir „og mega ekki fleiri vera en 5 í neinni nefndinni“ í 4. málsgr. 16. gr. sömu laga komi: og mega ekki vera fleiri en 5 í hverri nefnd.
3. Við 12. gr. Aftan við gr. kemur ný málsgr.:  
Fyrir niðurlagsorð sömu lagagr. „Við þessa umræðu má ekki gera neina ályktun“ komi: Við þessa umræðu má enga ályktun gera.

4. Við 13. gr. Greinina skal orða svo:
  - a. Fyrir „Eigi má hann annars ávarpa neinn“ í síðari málsl. 34. gr. sömu laga kemur: Eigi má hann annars ávarpa nokkurn.
  - b. Á eftir sömu lagagr. bætist ný málsg. :  
Við útvarpsumræður o. s. frv.
5. Við 15. gr. Greinina skal orða svo:  
Fyrir „það er til ráðherra eða umboðsmanns hans og framsögumanns kemur“ í 2. másl. 36. gr. sömu laga kemur: við ráðherra og framsögumann
6. Við 16. gr. Fyrir „við neina umræðu“ í 3. másl. fyrri málsg. kemur: við nokkra umræðu.
7. Við 20. gr.
  - a. Framan við gr. kemur nýr stafl. (a), og breytast stafl. samkv. því:  
Fyrir „Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt“ í upphafi 44. gr. sömu laga kemur: Hvorug þingdeildin má gera nokkra ályktun.
  - b. Fyrir „44. gr. sömu laga“ í a-lið kemur: sömu lagagr.
8. Við 24. gr.
  - a. Fyrir „IV. Útvarp umræðna“ kemur: V. Útvarp umræðu.
  - b. Fyrir „Skal þá útvarpi umræðna“ í c-lið kemur: Skal þá útvarpi umræðu.
  - c. Fyrir „nær þó ekki lengra en til tveggja umræðna“ í síðasta másl. f-liðs kemur: gildir þó aðeins um tvær umræður.
  - d. Fyrir „umræðna“ í i-lið kemur: umræðu.
9. Við 25. gr. Greinina skal orða svo:
  - a. Fyrir „Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni“ í 51. gr. sömu laga kemur: Hvorug þingdeildin má taka við nokkru málefni.
  - b. Fyrir „(Stjkskr. 1874 § 38)“ í sömu lagagr. kemur: (Stjkskr. 50. gr.).